



Forsaga

Fæðing Jesú

1. Það var sérstakt vegna þess að María var óspjölluð mey sem merkir að hún hafði aldrei haft samfarir við karlmann.
2. Á þessum tíma þótti mikil skömm að eignast börn fyrir hjónaband og auk þess vissi Jósef að hann væri ekki faðirinn og hélt því væntanlega að María hefði svikið sig.
3. Ágústus Rómarmeisari ákvað að gera manntal í öllum ríkjum sínum og skipaði fólki að fara til heimaborgar sinnar til að láta skrásetja sig og þessvegna fóru Jósef og María í ferðalag til Betlehem.
4. Fjárhirðarnir fóru að finna barnið vegna þess að engill birtist þeim sem sagði að frelsari væri fæddur. Vitringarnir höfðu hinsvegar séð nýja, bjarta stjörnu sem þeir töldu vera tákni um að nýr konungur væri fæddur. Þeir fylgdu stjörnunni til að finna hinn nýja konung Gyðinga.
5. Hér er ekki eitt rétt svar en trúlegt er að Heródes hefði sent menn til að drepa Jesú.

Jesú vex úr grasi

1. Því hafði verið spáð að barn myndi fæðast sem yrði Messías og myndi frelsa gyðinga undan harðstjórninni. Þegar Heródes frétti að fætt væri barn sem talið væri Messías þá óttaðist hann að missa völdin og ákvað því að láta drepa alla unga drengi í ríkinu.
2. Engill kom til foreldra Jesú og varaði þá við fyrirætlunum Heródesar. Þau flúðu því til Egyptalands og bjuggu þar þangað til Heródes var látinn.
3. Jesús var hissa vegna þess að honum fannst ekkert eðlilegra en að hann væri í musterinu því það er hús Guðs, föður hans.
4. Lærimeistararnir voru mjög hissa á því hversu áhugasamur Jesús var um lögmálið, trúna, og hversu vel hann virtist skilja það sem um var rætt.

Jesús skírður

1. Jóhannes var kallaður skírari vegna þess að hann fór um, predikaði orð Guðs og skírði fólk og blessaði.
2. Jóhannes var viss um að Jesús væri Messías sem Gyðingar voru að bíða eftir og væri því helgari maður en sjálfur.
3. Þegar Jóhannes hafði skírt Jesú kom heilagur andi yfir hann og rödd heyrðist af himnum sem sagði að Jesús væri elskaður sonur sinn.
4. Hér er ekki eitt rétt svar, en tilgangurinn er að hugleitt sé hvað gerðist við skírnina. Möguleg svör eru t.d. að birta hafi komið af himnum, Guð hafi komið til þeirra eða að þeir hafi fundið tengingu við Guð í hjarta sér.

Jesús og lærisveinarnir

1. Jesús útskýrði hlutina öðruvísi og hann fór ekki alltaf eftir þeim trúarreglum sem hinir sögðu að væru réttar.
2. Hér er ekki eitt rétt svar. Eitt mögulegt svar er að Jesús hafi verið vinsæll vegna þess hversu hjálpsamur hann var. Hann gat alltaf gefið sér tíma til að tala og sinna öllum sem til hans komu.



3. Símon Pétur hafði séð Jesú framkvæma kraftaverk og því trúði hann því að Jesús væri Messías.
4. Símon Pétur, Andrés, Jakob, Jóhannes, Filippus, Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Símon vandlætari, Júdas Jakobsson og Júdas Ískariót.

Sæluboðin

1. Ræðan er kölluð Fjallræðan því Jesús hélt hana á fjalli.
2. Með ræðunni vildi Jesús sannfæra lærisveina sína um að þeir sem gerðu gott og fylgdu Guði myndu verða verðlaunaðir í himnaríki.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Mikilvægt er að útskýra boðorðið með því að tengja það t.d. við dæmi.

Jesús lækna

1. Maðurinn kom með son sinn til Jesú vegna þess að sonurinn var haldinn illum anda.
2. Jesús talaði við illa andann og rak hann burt.
3. Hér eru mörg dæmi sem koma til greina, t.d. sagan af því þegar Jesús reisti mann upp frá dauðum eða þegar hann gekk á vatni.

Dæmisögur Jesú

1. Jesús notaði dæmisögur til að hjálpa fólki að skilja boðskap sinn svo það myndi taka hann til sín og lifa samkvæmt honum.
2. Þar sem fyrstu tveir mennirnir létu eins og þeir tækju ekki eftir slasaða manninum og gengu framhjá honum þá hefði hann getað dáið.
3. Þriðji aðkomumaðurinn hjálpaði slasaða manninum og batt um sár hans. Síðan flutti hann manninn á gistihús og sá til þess að hugsað yrði um hann þar til hann gæti bjargað sér sjálfur.
4. Jesús sagði að fólk ætti að haga sér eins og þriðji maðurinn, vera hjálpsamt og koma vel fram við alla. Þeir sem höguðu sér þannig myndu öðlast eilíft líf.

Síðasta kvöldmáltíðin

1. Jesús og lærisveinarnir höfðu komið til Jerúsalem til að fagna páskahátíðinni sem er stór hátíð hjá gyðingum.
2. Jesús sagði að allir menn væru jafnir fyrir Guði og þar af leiðandi væri hann ekki merkilegri en lærisveinar sínir. Honum fannst því að hann gæti alveg eins þvegið fætur þeirra eins og þeir hans.
3. Brauðið táknaði líkama Jesú og vínið blóð hans.
4. Jesús var hræddur vegna þess að hann vissi að brátt yrði hann handtekinn og líflátinn.
5. Hér er ekki eitt rétt svar. Eitt svar gæti verið að hann hafi verið hræddur um að verða sjálfur handtekinn.

Dauði Jesú

1. Jesús hafði gagnrýnt margt við trúariðkun gyðinga og ógnaði þar með því fyrirkomulagi sem var við lýði. Því voru margir reiðir og hræddir við boðskap hans og vildu láta dæma hann fyrir guðlast.



2. Pílatus hafði ekki vald til að dæma Jesú fyrir guðlast eins og andstæðingar Jesú vildu. Hann var hinsvegar undir miklum þrýstingi frá þeim og ákvað því að dæma Jesú fyrir landráð eða að ætla að gera sjálfan sig að konungi gyðinga.
3. Eins og aðrir sakamenn þessa tíma þá var Jesús líflátinn með krossfestingu.
4. Jesús reyndi ekki að bjarga lífi sínu því hann vissi að hann yrði að deyja og rísa upp til að sannfæra fólk um að hann væri sonur Guðs og að Guðsríki væri til.

Upprisan

1. Jósef frá Arimabeu vafði líkama Jesú í línklaði og lagði hann í gróf sem búið var að höggva inn í klett. Því næst var stórum steini velt fyrir gröfina.
2. Trúarleiðtogar gyðinga mundu að Jesús hafði sagt að hann myndi rísa upp eftir dauða sinn. Þeir komu því varðmönnum fyrir við gröfina til að gæta þess að enginn myndi ræna líkama Jesú og segja að hann væri upprisinn.
3. Þegar konurnar komu að gröfinni varð mikill jarðskjálfti og varðmennirnir féllu niður. Síðan birtist engill konunum. Engillinn sagði þeim að fara til lærisveinanna og segja þeim að Jesús væri upprisinn.
4. Kristnir trúa því að líkami Jesú hafi horfið úr gröfinni vegna þess að hann hafi risið upp.

Síðari tímar

Frumkirkjan verður til

1. Viknahátíð.
2. Þennan dag fjölgaði fylgjendum Jesús það mikið að hægt er að segja að þá orðið til söfnuður kristinna manna eða kirkja.
3. Kirkja merkir kristinn söfnuður eða samkoma hinna kristnu.
4. Hvítasunnan er sjö vikum eftir páskadag.

Útbreiðsla frumkirkjunnar

1. Postuli er sá sem er valin til að breiða út fagnaðarerindið, segja frá Guði, Jesú, krossfestingunni, upprisunni og hjálpa öðrum að lifa samkvæmt Guði.
2. Sál var einn af mörgum mönnum sem voru andstæðingar kristinnar trúar og ofsóttu því kristna menn. Sál elti uppi postula til að handtaka þá eða drepa.
3. Eitt sinn birtist Jesú Sál og spurði hann hvers vegna hann væri að ofsækja sig. Við það varð Sál blindur. Nokkrum dögum seinna kom postuli til Sál með skilaboð frá Jesú og við það fékk Sál sjónina á ný. Hann sá þá að hann hafði gert rangt og ákvað að taka kristna trú.
4. Hér er ekki eitt rétt svar. Ein ástæðan gæti verið að Sál hafi vilja bæta fyrir hve hann barðist heiftúðlega á móti kristnum mönnum áður en hann tók trúna.

Klofning kirkjunnar

1. Patríarkar nefndust þeir sem stjórnðu kirkjunni á fyrstu öldum hennar.
2. Kristnir neituðu að samþykkja að Rómameisari væri guð þó svo að lög Rómaveldisins segðu það. Þar af leiðandi ofsóttu Rómverjar kristna menn.
3. Ef við gefum okkur að Jesús hafi fæðst árið 0 þá liðu 392 ár frá fæðingu Jesú og þar til kristni var orðin ríkistrú í Rómaveldi.



4. Klofningur Rómaveldis jók ágreining kirkjunnar manna enn meir. Á endanum varð það til þess að kirkjan skiptist upp í tvær kirkjudeildir, rómversk-kaþólsku kirkjuna í Vestur-Rómaveldi og rétttrúnaðarkirkjuna í Austur-Rómaveldi.

Þrjár meginstefnur

1. Rétttrúnaðarkirkjuna, rómversk-kaþólsku kirkjuna og evangelísku kirkjuna.
2. Í kirkjunni er orðið sakramenti notað um ákveðnar athafnir sem kirkjan segir að séu heilagar og að við þessar athafnir veiti Kristur þeim sem gangast undir þær himneska náðargjöf. Sakramentin sjö eru skírn, ferming, heilög kvöldmáltíð (altarisganga), hjónavígslan, skriftir, smurning sjúkra og deyjandi og prestvígslan.
3. Mikilvægasti munurinn á rómversk-kaþólsku kirkjunni og öðrum kirkjudeildum er hið óskeikula vald páfans sem er æðsti yfirmaður kaþólsku kirkjunnar.
4. Messur hjá rétttrúnaðarkirkjunni eru einskonar endurtekning á lífi Jesú frá fæðingu og að upprisunni.
5. Rétttrúnaðarkirkjan fylgir eldra tímatali og því halda þeir jólin 6. janúar en ekki 25. desember.
6. Upphafismaður evangelísku kirkjunnar var þýskur munkur að nafni Marteinn Luther og hann gagnrýndi ýmsa siði og kenningar kaþólsku kirkjunnar og þá sérstaklega óskeikuleika páfans.
7. Evangelíska kirkjan leggur mikla áherslu á fagnaðarerindið eða það að þeir sem trú á Jesú Krist fái fyrirgefningu synna sinna.
8. Í evangelískum kirkjudeildum eru kirkjur mun látlausari en hjá rétttrúnaðarkirkjunni og kaþólsku kirkjunni; dýrlingar eru ekki dýrkaðir heldur er aðaláherslan á Biblíuna og predíkun.
9. Íslenska þjóðkirkjan er evangelísk kirkjudeild.

Kristin trú í dag

1. Um einn þriðji hluti jarðarbúa er kristinn.
2. T.d. hvítasunnusöfnuðurinn, aðventistar, enska biskupakirkjan og mormónar.
3. Í Asíu og N-Afríku.
4. Alkirkjuráðið vinnur að því að kirkjudeildir starfi saman, það er ráðgefandi hjá Sameinuðu þjóðunum og veita t.d. fórnarlömbum náttúruhamfara og flóttamönnum aðstoð víða um heim.
5. Hjálparstofnun kirkjunnar vinnur út frá þeirri hugmynd Jesú að fólk ætti að elska náunga sinn eins og sjálfan sig og koma eins fram við alla menn.

Kristin trúfélög á Íslandi

1. Um 77,6% þjóðarinnar er í þjóðkirkjunni.
2. Næst stærsta kristna trúfélagið hér á landi er kaþólska kirkjan og það þriðja stærsta er Fríkirkjan í Reykjavík.
3. Taflan sem er frá janúar 2011 sýnir að það eru 30 kristin trúfélög á Íslandi.
4. Það eru rúmlega 1000 ár síðan Íslendingar tóku kristna trú.
5. Með trúfrelsi er átt við að fólk hafi rétt á því að trúa á hvað sem það vill eða á ekki neitt.



Kennisetningar og reglur

Hin heilaga þrenning

1. Hin heilaga þrenning eru þrír eiginleikar Guðs, faðirinn, sonurinn og hinn heilagi andi.
2. Þar sem kristnir menn líta svo á að Guð hafi þrjár birtingarmyndir þá er ein þessara mynda sonurinn, sem hann sendi til jarðarinnar í mannlegri mynd. Þannig er Jesús sannur maður en um leið hluti af Guði og því sannur Guð.

Helgirit

1. Orðið Biblía merkir bækur og Biblían er samsett úr 66 bókum.
2. Biblían skiptist í Gamla og Nýja testamentið. Gamla testamentið var skrifað fyrir tíma Jesú og er sameiginlegt helgirit gyðinga og kristinna. Nýja testamentið segir hinsvegar frá ævi og kenningum Jesú og er sérstakt helgirit kristinna.
3. Talið er að Biblían hafi verið skrifuð á mjög löngu tímabili. Fyrstu bækurnar eru líklega frá því um 1450 f.Kr. en þær nýjustu um 100 e.Kr.
4. Oddur Gottskálksson er þekktur fyrir að hafa fyrstur þýtt Biblíuna yfir á íslensku.

Boðorð og siðaboðskapur

1. Boðorðin 10.
2. Hér er ekki eitt rétt svar. Gott er að hugleiða hvað sé mikilvægt að hafa í heiðri í samskiptum og lífnaðarháttum manna.
3. „Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum, og náunga þinn eins og sjálfan þig.“
4. Það er átt við að fólk eigi að sýna umhyggju fyrir öllu í kringum sig og reyna að vera gott og tillitsamt við aðra.

Jesú Kristur

1. Samkvæmt kristni var Jesús sendur til jarðarinnar til að frelsa mannkynið undan syndum þess.
2. Á tímum Jesú voru konungar smurðir sem merki um að þeir væru útvaldir til þessa hlutverks. Á grísku merkir christos hinn smurði og orðið messías á hebresku merkir einnig hinn smurði. Lærisveinar Jesú trúðu því að hann væri Messías, konungur gyðinga sem spáð hafði verið að myndi koma og frelsa þá. Jesús var því kallaður Messías á hebresku eða Kristur á grísku og þeir sem á hann trúðu voru sagðir kristnir.
3. Mörg trúarbrögð t.d. gyðingdómur og íslam líta svo á að Jesús hafi verið til og hann hafi verið spámaður. Þau viðurkenna hinsvegar ekki að hann hafi verið sonur Guðs.
4. Upprisan er mikilvæg vegna þess að hún á að hafa endanlega staðfest að Jesús hafi verið Messías, sonur guðs. Þannig á hún líka að staðfesta að Guðsríki það sem Jesús hafði lofað þeim sem á hann trúðu væri í raun til.

Trúarjátning

1. Fyrstu orðin segja hvað kristnir menn trúa á, síðan kemur útskýring á því hver Guð er og hvernig hann birtist og að lokum er sagt frá hvað hann hefur kennt.



2. Upprunalega var trúarjátningin sú játning sem fólk fór með á dögum fornkirkjunnar þegar það tók kristna trú og skírn. Með því að mæla þessi orð var það að segja að það tryði á Guð og samþykkti að vera hluti af söfnuðinum.
3. Postullega trúarjátningin var skírnarjátning söfnuðarins í Róm en Nikeujátningin var notuð síðar í austurhluta Rómaveldis.

Tákn og helgir dómar

Krossinn

1. Jesús var dæmdur til að verða líflátinn á krossi en þegar hann reis upp frá dauðum þá breyttist krossinn í sigurtákn þar sem Jesú sigraði dauðann.
2. INRI stendur fyrir INESVS NAZARENVS REX IVDÆORVM. Það er latína og þýðir Jesús frá Nasaret, konungur gyðinga.

Kirkja

1. Kirkja merkir hús drottins eða staður þar sem kristnir menn koma saman.
2. Kór, altari, kirkjuskip, predikunarstól og á Vesturlöndum eru kirkjubekkir.
3. Mótmælendahreyfingu miðalda ofbauð dýrkun á helgimyndum í kirkjum. Þeim fannst þær hafa sama tilgang og skurðgoðadýrkun sem er bönnuð í kristni. Kirkjur mótmælenda frá þessum tíma eru því margar bæði einfaldar og látlausar.
4. Hér er ekki eitt rétt svar. Mikilvægt er að hugleiða svar sitt og færa rök fyrir því.
5. Presturinn sér um að stýra guðspjónustunni, sinnir fræðslu, sálgæslu og fólk getur leitað til hans með margvísleg vandamál. Sumir líta einnig á hann sem einskonar milligöngumann milli Guðs og safnaðarins.

Jerúsalem

1. Jerúsalem er yfir 3000 ára gömul.
2. Jerúsalem er mikið getið bæði í Nýja og Gamla testamentinu og margir af áhrifaríkustu atburðum í lífi Jesú áttu sér þar stað.
3. Jerúsalem þýðir „bústaður friðarins“. Það eru hinsvegar sjálfsagt skiptar skoðanir um hvort nafnið sé lýsandi fyrir borgina. Í gegnum söguna hafa verið mikil átök um yfirráð borgarinnar og margar styrjaldir verið háðar um hana.
4. Jerúsalem hefur mikið trúarlegt gildi í gyðingdómi, kristni og íslam sem eru allt eingyðistrúarbrögð. Því er sagt að í henni mætist þessi trúarbrögð.
5. Fyrir utan borgina er fjallið sem Jesús á að hafa flutt fjallræðuna. Talið er að Jesús hafi borið krossinn á leið til krossfestingar eftir Vía Dolorosa götunni. Golgatahæðin er sá staður þar sem talið er að Jesú hafi verið krossfestur. Grafarkirkjan er byggð á þeim stað þar sem hann á að hafa verið grafinn.

Aðrir helgir staðir

1. Á þeim stað sem menn töldu að fjárhúsið sem Jesús fæddist í hafi verið stendur nú kirkja sem kallast Fæðingakirkjan.
2. Jesús ólst upp í Nasaret sem var fámennnt og lítið þorp. Í dag er Nasaret höfuðborg araba í Ísrael.



3. Galíleuhérað er það svæði þar sem Jesús starfaði mest, ferðaðist og kenndi.
4. Talið er að Jesús hafi verið með miðstöð kennistarfs síns í borginni Kapernaum sem var lítil en blómlegur verslunarstaður. Einnig er talið að Símon Pétur, lærisveinn Jesú, hafi átt heima í borginni.

Litir

1. Mismunandi litir eru notaðir í klæðum presta, altarisklæðum og á predikunarstólnum í guðsþjónustunni. Litirnir sýna ákveðin tímabil kirkjuársins og um leið sögu Jesú Krists.
2. Litir Guðs eru sagðir vera hvítur, blár og rauður.
3. Píslavottarnir voru menn sem voru pyntaðir og jafnvel drepnir fyrir trú sína. Rauður litur minnir á blóð og eld og því trúlegt að það sé ástæðan fyrir að það er litur píslavottanna.
4. Hér er ekkert rétt svar. Gott er að hugleiða aðeins gildi og tákni lita almennt.

Tölur

1. Talan þrjú táknar hina heilögu þrenningu, föður, son og heilagan anda. Hún er einnig tákni himinsins og vitringarnir sem færðu Jesú gjafir voru þrjú.
2. Talan sjö er sú tala sem kemur oftast fyrir í Biblíunni og er talin heilög í öllum kirkjudeildum.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Sem dæmi má nefna að mörg ævintýri eru með þremur bræðrum eða systurum t.d. Öskubuska og Stígvélaði kötturinn. Oft þurfa sögupersónur að gera hluti þrisvar sinnum eða leysa þrjú verkefni, t.d. gerði stjúpa Mjallhvítar þrjár tilraunir til að drepa hana og Rumputuski gaf prinsessunni þrjú tækifæri til að giska á nafn sitt. Talan sjö er einnig algeng t.d. eru dvergarnir hennar Mjallhvítar sjö talsins, kiðlingarnir sem þurfa að gæta sín á úlfinum eru sjö og bræðurnir sem breyttast í svani um nætur eru sjö. Talan 12 hefur einnig verið stundum notuð í ævintýrum t.d. voru prinsessurnar sem dönsuðu allar nætur 12 talsins.

Þríhyrningurinn

1. Þríhyrningurinn er tákni heilagrar þrenningar.
2. Þríhyrningurinn er alltaf jafnhliða og yfirleitt snýr hornið upp. Stundum er hringur settur utan um þríhyrninginn.
3. Hringur táknar eilífðina vegna þess að hringur hefur hvorki upphaf né endi.

Hátíðir

Jólahátíðin

1. Á jólunum minnst kristnir menn fæðingar Jesú Krists.
2. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær Jesús fæddist. Fyrir tíma Jesú var hinsvegar haldið upp á að sólin væri farin að hækka á lofti þann 25. desember. Þegar heiðni var aflögð í Róm var ákveðið að tileinka þann dag fæðingu Jesú Krists enda hann oft nefndur „ljós heimsins“.
3. Fyrstu kristnu jólin voru haldin um miðja fjórðu öld eða fyrir meira en 1600 árum.
4. Á aðventunni rifjar kristið fólk upp aðdragandann að komu Jesú Krists. Hún minnir einnig fólk á kærleika, hjálpssemi og gestrisni.
5. Kertin í aðventukransinum eru fjögur. Fyrsta kertið nefnist spádómskerti og minnir á spádómana um komu Jesú Krists. Annað kertið nefnist Betlehemkerti og minnir á borgina



þar sem Jesús fæddist. Þriðja kertið nefnist hirðakerti og minnir á fjárhirðana sem leituðu Jesú eftir að hafa fengið fregnir af komu hans. Fjórða kertið nefnist englakerti og minnir á englana sem fluttu fregnir af fæðingu frelsarans.

6. Hér er ekkert rétt svar en tilgangurinn er að fá nemendur til að hugleiða jólasíði, velta fyrir sér hvernig þeir tengjast trúnni og jafnvel kynnast hefðum annarra fjölskyldna.

Páskahátíðin

1. Á páskunum minnst kristnir menn dauða og upprisu Jesús.
2. Mikilvægasta hugmynd og inntak kristinnar trúar er það að Jesús hafi dáið fyrir syndir mannanna og þar af leiðandi munu allir þeir sem á hann trúa öðlast eilíft líf. Þar af leiðandi er dauði hans mikilvægari atburður en fæðingin.
3. Fyrir páskahátíðina er undirbúningstími sem kallast langafasta og stendur í 40 daga. Þessi fasta hefst á öskudegi og frá þeim degi og fram að páskum var löngum hefð fyrir því að neita sér um mörg lífsgæði eins og t.d. að borða kjöt. Sprengidagur er síðasti dagur fyrir föstuna og á þeim degi borðaði fólk því oft eins mikið af kjöti og það gat í sig látið.
4. Páskadagarnir:
 - a. Á pálmasunnudegi er þess minnst er Jesús kom ríðandi á asna inn í Jerúsalem og fólkið fagnaði honum sem konungi.
 - b. Á skírdegi er þess minnst er Jesús snæddi síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum og þvoði fætur þeirra. Síðar um kvöldið var Jesús handtekinn.
 - c. Á föstudeginum langa er þess minnst er Jesús var dæmdur fyrir landráð, krossfestur og dó á krossinum.
 - d. Á páskadegi er þess minnst að Jesús reis upp frá dauðum.
 - e. Á uppstigningardegi er þess minnst er Jesús kvaddi lærisveina sína og steig upp til himna.
5. Hér er ekki eitt rétt svar en mikilvægt er að færa rök fyrir svari sínu. Það er ekki vitað með vissu hvers vegna dagurinn ber þetta nafn. Líkleg skýring er sú að það sé vegna þess að dagurinn hafi örugglega verið langur og erfiður fyrir Jesú þar sem hann var pyntaður og drepinn. Önnur líklega skýring er sú að fólki hér áður fyrr hafi þótt dagurinn langur og erfiður eftir langar föstur auk þess sem öll skemmtun var lengi vel bönnuð þennan dag og því líklegt að mörgum hafi þótt hann lengi að líða.

Hvítasunna

1. Á hvítasunnu er þess minnst að heilagur andi kom yfir lærisveinana og þeir töluðu til fólksins á mörgum tungumálum.
2. Litið er á atburði hvítasunnunar sem upphaf kirkjunnar.
3. Það er mismunandi á hvaða degi hvítasunnan lendir. Ekki er eitt rétt svar varðandi hefðir sem tengjast hvítasunnu. Á Íslandi eru ekki sterkar trúarlegar hefðir tengdar hátíðinni. Það er þó algengt að fermingar fari fram á hvítasunnudegi. Hvítasunnuhelgin er einnig oft kölluð fyrsta ferðahelgin enda er aukafrídagur á mánudeginum, annar í hvítasunnu, og þar sem algengt er að hátíðina beri upp á lok maí eða byrjun júní þá er farið að vora á landinu.



Siðir

Fæðingar- og nafngjafasiðir

1. Kristnir trúa því að við skírn fái þeir að gjöf heilagan anda Guðs. Við það er gerður sáttmáli um líf með Guði og sá sem er skírður fær fyrirgefningu syna sinna.
2. Við barnaskírn er barninu færð þessi gjöf án þess að það staðfesti sjálft sáttmálann við Guð en við fullorðinsskírn er áherslan á að einstaklingurinn taki sjálfstæða ákvörðun um að vilja líf með Guði.
3. Hér er ekki eitt rétt svar.

Ungdómurinn

1. Þar sem börn eru svo ung þegar þau eru skírð taka þau ekki sjálfstæða ákvörðun um hvort þau vilji lífa lífi með Guði eða ekki. Í kirkjudeildum sem framkvæma barnaskírn fer því fram ferming fyrir börn á aldrinum 10–15 ára. Með fermingunni staðfesta börnin skírnina og að þau vilji fylgja boðskap Jesú.
2. Í lúterskum kirkjudeildum eru það prestar sem framkvæma ferminguna en biskupar hjá rómversk-kaþólsku kirkjunni.
3. Í fermingarfræðslunni fara prestar í helstu atriði kristninnar með börnunum.
4. Hér er ekki eitt rétt svar.

Hjónabandið

1. Kristnir líta á hjónabandið sem staðfestingu, frammi fyrir Guði, þar sem brúðhjón lofa ævilangri tryggð, virðingu og ást hvort við annað.
2. Samkvæmt Biblíunni eru hjónaskilnaðir neyðarúrræði ef annarhvor aðilinn hefur brotið hjúskaparsáttmálann.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Gott er að hugsa um tilgang og gildi hjónabandsins bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Aðalatriðið er að færa rök fyrir svári sínu.

Andlát og útför

1. Eitt af meginatriðum kristninnar er trúin á eilíft líf eftir dauðann og að við dauðann lifi sálin í guðsríki.
2. Útförin fer yfirleitt fram í kirkju og er framkvæmd af presti. Ættingjar og vinir eru viðstaddir til að kveðja og minnst hins látna.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Margar mismunandi útfararhefðir eru til um allan heim. Sem dæmi má nefna að hindúar trúa því að sálin endurfæðist í nýjum líkama og brenna því líkama hinna látnu, múslimar grafa hina látnu þannig að höfuðið vísar til Mekka og kristnir klæðast oftast svörtum fötum við útför til að sýna sorg sína.

Bænir

1. Bæn er einskonar samtali við Guð þar sem fólk lofar Guð, þakkar honum, biður um fyrirgefningu, leitar styrks eða biður fyrir öðrum.
2. Faðir vor er þekktasta bæn kristinna manna.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Ein ástæða gæti verið að fólk geri það til að vera vinur Guðs. Önnur ástæða gæti verið að fólk geri það til að líða betur, ganga betur eða til að leita svara.
4. Hér er ekki eitt rétt svar en gott er að velta fyrir sér fjölbreytilegum tilgangi bæna.





Guðspjónusta

1. Guðspjónusta er í raun og veru allt það sem maðurinn gerir til að nálgast Guð. Oftast er þó talað um guðspjónustu sem þá athöfn þegar kristnir menn koma saman í kirkju og prestur stýrir athöfninni.
2. Hefðbundin guðspjónusta fer fram í kirkju og prestur stýrir athöfninni. Lesið er úr Biblíunni, ritningarnar útskýrðar, bænir beðnar og sálmar sungnir. Rétt áður en guðspjónustan byrjar er kirkjuklukkunum hringt til merkis um að hún sé að hefjast.
3. Hér er ekki eitt rétt svar. Margir hafa væntanlega einhverntímann komið í kirkju. Gott er að hugleiða mismunandi kirkjuathafnir og hlutverk kirkjunnar s.s í tengslum við skírn, hjónavígslur og útfarir.

Altarisganga

1. Altarisganga er athöfn þar sem kristnir menn minnst Jesú og dauða hans. Fólk sem gengur til altaris gengur að lágu handriði fyrir framan altarið þar sem presturinn útdeilir messuvíni og brauði.
2. Vínið tákna blóð Jesús og brauðið líkama hans.
3. Fyrirmynd altarisgöngunnar er síðasta kvöldmáltíðin þegar Jesús borðaði með lærisveinum sínum. Við þá máltíð færði hann þeim vín sem hann sagði að væri blóð sitt og brauð sem hann sagði vera líkama sinn.